



LISTASAFN REYKJAVÍKUR – HAFNARHÚS



13/6 – 7/9 2003

alþjóðleg samtímalist á Íslandi  
international contemporary art in Iceland

INNSÝN / INSIGHT



Franz Graf, *An titils / Untitled*, 1904-5

## INNSÝN

Oscar Wilde færði eitt sinn rök fyrir því að Lundúnabokan hefði ekki verið til fyrr en ákveðnir listamenn uppgötvuðu hana. Með sömu rökum má segja að Jóhannes Kjarval hafi opnað augu okkar fyrir hrauninu og hrjóstugari hlíðum landsins, gert þekkt ásynd sýnilegri. Vegna þessarar nýju sýnar er hann talinn Íslenskastur allra málara.

Svona einfalt er þetta þó ekki. Í öðrum skilningi eru verk hans uppróðun forma og lita, byggð á grunni evrópskrar myndlistarsögu. Þegar kunnugleika fjallsins sleppir tekur listin við.

Erlendir listamenn hafa einnig veitt okkur nýja sýn á landið. Á sýningu Matthew Barney í Nýlistasafninu birtist flókið samspil sjálfs-ævisögulegra og sammannlegra þátta sem endurspeglast í goðsögnum. En innblástur er einnig sóttur í sömu sprungur og Kjarval málaði; þær sem kljúfa landið og vitundina. Samspil staðbundinna og almennra þátta er til staðar í verkum flestra góðra listamanna.


## INSIGHT

Oscar Wilde once argued that the London fog didn't exist until certain artists discovered it. The same argument could go for Jóhannes Kjarval who opened our eyes to the beauty of the lava fields and the more barren parts of the country. His vision on this familiar sight made it more obvious to the common eye. This is why he is considered to be the most Icelandic of all painters.

But it isn't so simple. In another sense his works are a compilation of form and colour, grounded on European art history. Where the familiarity of the mountain ends, art begins.

Foreign artists have also represented us with a novel way of envisioning the country. In Matthew Barney's exhibition in the Living Art Museum there is a complex interaction of autobiographical and common human aspects that are reflected in myth. But the inspiration also derives from the same cracks and clefts that Kjarval painted; they split the land and the consciousness. The interaction of local and general factors is found in the works of most good artists.

In the sixties and seventies of the last century the term 'place' was formed as an elaboration of ideas on composition. The work of art was not distinguished from its surroundings. The beholder was made an active participant and invited to create his own perspective. An example of this is the piece *Áfangar* by Richard Serra in Viðey Island. Couples of basalt columns frame the perspectives of those that walk the island. The work makes the guest more aware and elevates the place and the moment. Roni Horn has contemplated her relationship with the world in her artwork here in Iceland. The country is a kind of studio to her. She has i.a. created the cycle *To Place*. In these books the artist reflects on her relationships with places and people but yet her work is without a designated place because of its general references. Douwe Jan Bakker explores the



Douwe Jan Bakker, *Þrívíddar-orðasafn í íslensku landslagi / A Vocabulary Sculpture in the Icelandic Landscape, 1976-7*

Í listsköpun sjöunda og áttunda áratugar síðustu aldar mótaðist listhugtakið „staður“ sem útvíkkun á hugmyndum um myndbyggingu. Listaverkið var ekki aðgreint frá umhverfi sínu. Áhorfandinn var gerður að virkum þátttakanda og boðið að mynda sín eigin sjónarhorn. Dæmi um slíkt verk er *Áfangar* eftir Richard Serra í Viðey. Þór af stuðla-bergssúlum ramma inn sjónarhorn þeirra sem eru á göngu á eyjunni. Verkið gerir gestinn meðvitaðri og uppfur stund og stað. Róni Horn hefur í listsköpun sinni hér á landi hugleitt samband sitt við heiminn. Landið er henni nokkurs konar vinnustofa. Hún hefur meðal annars gert ritróðina *To Place*. Í bókunum fjallar listakonan um samband sitt við staði og fólk hér á landi en þó eru verk hennar á vissan hátt staðlaus vegna almennra skirskotana þeirra. Douwe Jan Bakker kannar tengsl tungumáls og landslags í verkum sínum. Verk hans *A Vocabulary Sculpture in the Icelandic Landscape* er í senn málfræðileg og myndræn rannsókn á íslenskrí náttúru. Hér er enn og aftur á ferðinni verk sem skerpir á því sem er sýnilegt og nærtækt og hjálpar áhorfandanum að staðsetja sig. Dieter Roth var ekki landslagsmálari, en leiða má líkum að því að hráleiki samfélagsins á þeim tíma sem hann bjó hér hafi haft mikil áhrif á list hans; að hálfbyggð hús, drullupollar og skortur eigi þátt í umbreytingu listar hans frá reglu til óreglu.

connection between language and landscape in his works. *A Vocabulary Sculpture in the Icelandic Landscape* is at the same time a linguistic and figurative study of Icelandic nature. Once again we see a work of art that accents the apparent and the familiar and aids the viewer in placing himself. Dieter Roth was not a landscape painter but it can be argued that the crudeness of the society when he lived here had an impact on his art; that half-built houses, muddy puddles and shortage of materials had something to do with the transition from order to chaos in his work.

Aside from the use of Icelandic surroundings in their work, the contribution of foreign artists to Icelandic culture consists in personal relationships with Icelandic colleagues. They have made their mark on the cultural life with exhibitions, teaching and friendship. In addition to the aforementioned we can name Franz Graf, Donald Judd, Karin Sander, Carl Andre, Lawrence Weiner, Jan Voss, Henriette van Egten, Pieter Holstein, Kees Visser, Peter Schmidt, John Armleder, Helmut Federle, Robert Filliou, Jan Knap, Roman Signer etc.

It's not easy to define what is Icelandic and what is not. It is hardly enough to take the birthplace alone into account. Icelandic museums



Fyrir utan notkunina á íslensku umhverfi í verkum sínum felst framlag erlendra listamanna til íslenskrar menningar ekki síst í persónulegum kynnum við íslenska listamenn. Með sýningarhaldi, kennslu og vínáttusamböndum hafa þeir skilið eftir sig mikilvæg spor. Auk fyrrgreindra listamanna mætti nefna í þessu sambandi Franz Graf, Donald Judd, Karin Sander, Carl Andre, Lawrence Weiner, Jan Voss, Henriette van Egten, Pieter Holstein, Kees Visser, Peter Schmidt, John Armleder, Helmut Federle, Robert Filliou, Jan Knap, Roman Signer og fleiri og fleiri.

Spurningunni um hvað sé íslensk list er ekki auðvarað. Varla nægir að miða við fæðingarstað listamannsins. Íslensk söfn hafa skyldum að gegna varðandi starfsumhverfi þeirra sem hér starfa en ber þeim ekki einnig skylda til að safna því besta af erlendra list sem hingað berst? Sérstaklega þeirri list sem er í samræðu við íslenska staðhætti og menningu? Spyrja má hvort besta listin eigi ekki alltaf erindi á söfnin, óháð þjóðerni þeirra sem skapa hana.

Á síðustu áratugum hafa því miður verið gerð margvísleg mistök á þessu sviði. Til dæmis var Dieter Roth sniðgenginn af íslenskum söfnum á meðan hann bjó hér og ef ekki hefðu komið til verk sem vinir hans og hann sjálfur gáfu Nýlistasafninu væri litið sem ekkert til í söfnum hérlendis. Vonandi horfir til betri vegar í þessum málum á nýrri öld, svo að mistök fyrri ára verði ekki endurtekin.

Á þessari sýningu eru meðal annars verk listamanna úr safni Helga Þorgils Friðjónssonar og safni Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur. Sem betur fer hafa verk erlendra listamanna orðið eftir í þessum einkasöfnum, en opinberu listasöfnin hafa einnig skyldum að gegna og svo virðist sem skilningur sé að aukast. Þau hafa vissulega eignast góð verk sem meðal annars eru til sýnis á þessari sýningu en heildarstefnumörkun vantar.

Ég vona að þessi sýning geti orðið svolitill hvati í þessari umræðu og gestir njóti þeirra verka sem hér eru til sýnis, mögulega í samhengi við aðrar listsýningar sem eru á boðstólum í söfnum borgarinnar í sumar.

Ingólfur Arnarsson  
Sýningarstjóri



Roni Horn, *To Nest # 3*, 2001

have a duty towards the art community of those that work here, but don't they also have a duty to collect the best of foreign art that finds its way to these shores? Especially the type of art that communicates with Icelandic circumstances and Icelandic culture? It is also fair to ask if the best of art doesn't always have a place in the museums, regardless of its origin.

In the past decades mistakes have been made in this regard. Dieter Roth was for instance shunned by Icelandic museums while he lived here, and if it wasn't for donations from the artist and his friends to the Living Art Museum, hardly any of his works could be found in museums here. Hopefully a new century will bring new vision so that the mistakes of the past will not be repeated.

In this exhibition there are among others a number of works by various artists from the collections of Helgi Þorgils Friðjónsson, Pétur Arason and Ragna Róbertsdóttir. It is gratifying that the works of foreign artists have found their way into these private collections but the public art museums also have a responsibility to live up to and it seems that there is a growing understanding towards this. The museums have acquired some good pieces that are here on display, but sadly an official policy has still to be designed.

I hope that this exhibition can ignite some sparks in this discussion and that guest will enjoy the works of art that are displayed, possibly in context to other art exhibitions open in the museums this summer.

Ingólfur Arnarsson  
Curator

## Kjarvalsstaðir

Flóka götu - 105 Reykjavík

Sími/Tel: (354) 552 6131 Fax: (354) 562 6191

Opið daglega / Open daily 10-17

Leiðsögn sunnudaga kl. 15.00 / Guided tours Sunday 15.00

Fastasýning / Permanent exhibition

Myndir úr Kjarvalssafni / Works from the Kjarval Collection

20. júní – 24. ágúst

Nýir tímar í íslenskrum ljósmyndun / New times in Icelandic Photography

Samtímaljósmyndir 30 íslenskra ljósmyndara og listamanna. / An exhibition of Icelandic contemporary photography.

## Hafnarhús

Tryggvagötu 17 - 101 Reykjavík

Sími/Tel: 590 1200 Fax: 590 1201

Opið daglega / Open daily 10-17

Leiðsögn sunnudaga kl. 15.00 / Guided tours Sunday 15.00

Fastasýning / Permanent exhibition

Erró – Stríð / Erró - War

Verk úr safneign / From the Collection.

13. júní – 7. september

Innsýn í erlenda samtímalist á Íslandi / Insight into International contemporary art in Iceland.

Sunnudaginn 6. júlí kl. 15.00

Leiðsögn um sýninguna í höndum sýningastjóra, Ingólfs Arnarssonar.

13. júní – 31. ágúst

Humar eða frægð - Smekkleysa í 16 ár. /

Lobster or Fame - Two Decades of Bad Taste Ltd.

Dýrindis blanda af tónlist, ljósmyndum, kvikmyndum og texta frá Smekkleysu, einu framsæknasta og djarfasta menningarfyribærni sem sprottið hefur upp á Íslandi. Útgáfufyrirtækið Smekkleysa sem ói af sér Sykurmolana, Reptile, Ham, Björk, Sigur Rós og Minus, fagnar nú 16 árum af íslenskrum tónlist og menningu, bæði ríkjandi og róttækri. / A sumptuous mix of music, photography, film and text by Smekkleysa SM widely known as Bad Taste SM Ltd. - perhaps the most experimental and daring cultural organization to come out of Iceland. Celebrating 16 years of Icelandic music and culture, both mainstream and uncompromising, this is the label which nurtured The Sugarcubes, Reptile, Ham, Björk, Sigur Rós and Minus.

## Ásmundarsafn

Sigtúni - 105 Reykjavík

Sími/Tel: (354) 553 2155 Fax: (354) 590 1201

Opið alla daga 13-16 / Open daily 13-16

20. maí -

Ásmundur Sveinsson – Nútímamaðurinn / The Modern Man

ATH! Aðgöngumiðinn gildir samdægurs í öll þrjú húsin

NB! The admission-ticket is valid on the same day for all three houses

Safngestir njótið góðra og glæsilegra veitinga í veitingastofu Kjarvalsstaða og í Hafnarhúsinu.

Guests can enjoy excellent refreshments in the café in Kjarvalsstaðir and in Hafnarhúsið.